



NEFNDARÁLIT UM RÁÐHERRANEFNDARTILLÖGU



norden

Norðurlandaráð

B 308/tillväxt

Afgreiðsla
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Málsnúmer 16-00223-4

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og
þróunarnefndarinnar um

ráðherranefndartillögu um norræna samstarfsáætlun um byggðaþróun 2017–2020

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hrinda samstarfsáætluninni um byggðaþróun og skipulagsmál
2017–2020 í framkvæmd með hliðsjón af þeim athugasemdum
Norðurlandaráðs sem fram koma í meðfylgjandi nefndaráliti.

Forsaga

Þann 12. september samþykkti ráðherranefndin um byggðastefnu nýja
norræna samstarfsáætlun um byggðaþróun og skipulagsmál 2017–2020. Í
nýju samstarfsáætluninni er áhersla lögð á eftirfarandi þrjú aðgerðasvið:

- Sjálfbæra þróun dreifðra byggða
- Nýskapandi og þanþolin svæði
- Sjálfbærar borgir og borgarþróun

Starfshópi verður komið á fót á hverju aðgerðasviði en hlutverk þeirra
verður að semja starfsáætlun sviðsins þar sem fram koma markmið,
starfsemi, tímaáætlun og fjárhagsáætlun. Í starfsáætlununum verður
tilgreint hvernig þróa skuli samstarf við m.a. byggðanefndir og aðra aðila
á landamærasvæðum og stjórnvöld í löndunum. Formenn hópanna skulu
skila skýrslu árlega til norrænu ráðherranefndarinnar um byggðastefnu
þar sem greint er frá framvindu starfsins og lagt til að minnsta kosti eitt
málefni sem dýpka mætti samstarf um. Með það að markmiði að
samstarfsáætlunin geti nýst í starfi Norðurlandanna á vettvangi ESB
verður einnig komið á fót starfshópi sem samræmir starf að ESB-
málefnum.

Hvað landamærasamstarfið snertir kemur það skýrt fram í
samstarfsáætluninni að markmið með aðkomu Norrænu
ráðherranefndarinnar að samstarfi á landamærasvæðum séu að „nýta

sóknarfæri og uppræta þær hindranir sem landamæri skapa fyrir samheldni landamærasvæða“ og „efla þróun, nýsköpun og hagvöxt á norrænum landamærasvæðum“. Með það fyrir augum að ná þeim markmiðum sem Norræna ráðherra nefndin hefur sett fyrir landamærasamstarfið, stendur til að semja norræna stefnu á sviðinu innan ramma samstarfsáætlunarinnar 2017–2020. Þá verða fjármögnunarleiðir þeirra landamæranefnda sem eru fjármagnaðar af Norrænu ráðherra nefndinni endurskoðaðar.

Sjónarmið nefndarinnar

Fulltrúar frá skrifstofu Norrænu ráðherra nefndarinnar (sviði byggðastefnu) komu á fund norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar þann 19. apríl og greindu munnlega frá fyrstu hugmyndum um fyrirhugaða samstarfsáætlun. Nefndin hvatti skrifstofu ráðherra nefndarinnar til að flétta framboð á hæfu starfsfólki og aðgengi að fjármagni í dreifbýli inn í áætlunina. Nefndinni er ánægjuefni að þessi málefni eru nefnd í samstarfsáætluninni.

Hagvaxtar- og þróunarnefndin telur ennfremur að í samstarfsáætluninni sé bent á mikilvæg norræn málefni og virðist innihald og aðgerðasvið áætlunarinnar hafa verið borin undir rétta aðila. Þó er kallað eftir skýrari skilgreiningum á hugtökum á borð við grænan hagvöxt, og nánari umfjöllun um tengsl samkeppnishæfni/arðsemi og sjálfbærs/græns hagvaxtar. Forsenda fyrir sjálfbærum/grænum hagvexti er að hið opinbera skapi rammaskilyrði sem geri að verkum að sjálfbær framleiðsla/neysla (án jarðefnaeldsneytis) verði arðbær fyrir framleiðendur og á sanngjörnu verði fyrir neytendur.

Auk þess vill nefndin leggja fram nokkrar spurningar og vekja máls á tilteknum hugmyndum og tillögum sem hún telur ástæðu til að hafa hliðsjón af við útfærslu samstarfsáætlunarinnar.

Eitt málefni sem liggur beint við að ræða eru þau áhrif sem væntanlegar breytingar á svæðaskiptingu landanna kunna að hafa á almenn lífskjör á viðkomandi svæðum, einnig á skilyrði og fyrirkomulag á svæðisbundnu samstarfi yfir landamæri (landamæranefndirnar).

Í hvaða mæli er tekið tillit til samstarfs landamærasvæða, til dæmis þegar löndin skilgreina landfræðileg mörk fyrir sérhæfða heilbrigðisþjónustu í löndunum? Er sjúklíngur með brunasár sendur frá Málmey til Uppsala til að njóta aðhlyningar sérfræðinga, eða á frekar að senda sjúklínginn á Ríkissjúkrahúsið í Kaupmannahöfn? Hvernig er útköllum sjúkrabíla og slökkviliða yfir landamæri háttað? Verða málefni af þessu tagi rædd í fyrrnefndum starfshópum, eða þarf að stofna enn eitt stig undir starfshópunum til að tryggja skýra nálgun? (sjá kafla 4.7 í samstarfsáætluninni.)

Norðurlandaráð hefur litið svo á að Norræna ráðherra nefndin vilji auka samstarfið um tölfræði frá landamærasvæðum á næstu árum. Þetta kemur ekki skýrt fram í samstarfsáætluninni.

Er gert ráð fyrir því í áætluninni að gerðar verði samanburðarrannsóknir til að kanna sjálfbæra þróun dreifðra byggða í tengslum við svæðastjórnastigið, auk öflugrar þátttöku byggða? Málið snýst um bæði mælikvarða og sjálfsákvörðunarrétt. Hvernig er dreifbýlisþróun í Færeyjum (sjálfstjórnarsvæði) t.d. frábrugðin Hjalmlandseyjum (sem hafa lítinn sem engan sjálfsákvörðunarrétt)? Hvernig er dreifbýlisþróun í litlum sveitarfélögum og bæjum frábrugðin þróun stærri sveitarfélaga og svæða? Gegna íbúasamtök og staðbundin þátttaka bæjarbúa stóru hlutverki í því að halda dreifbýlissvæðum lifandi, og hvernig má efla þá virkni frekar, eða

Norðurlandaráð

B 308/tillvæxt

Afgreiðsla
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Málsnúmer 16-00223-4

að minnsta kosti viðhalda henni? Hver er reynsla landanna af þessum málefnum?

Ástæða er til að geta þess að framlag svæðanna er mikilvægt hvað varðar að stuðla að því að loftslagsmarkmiðunum verði náð, ekki síst vegna þess að þau sjá um svæðisbundnar samgöngur, skipulagsmál og atvinnuþróun. Svæðin geta einnig gegnt mikilvægu hlutverki hvað varðar styrki til orkumála.

Hvað snertir samstarf landamæranefndanna og samstarf atvinnugreina milli landanna/yfir landamæri, hvernig er gert ráð fyrir að grunnþjónusta sveitarfélaga og svæða (skólar, skólabílar, dagvistun barna, vatnsveita og sorphirða, heilbrigðisþjónusta, rafveita, staðbundnar samgöngur o.fl.) starfi og þróist? Hver ber ábyrgð á því að greiða (lagalega) fyrir slíku samstarfi og að því verði hrint í framkvæmd?

Hafa komið fram hugmyndir um að hefja samstarf yfir landamæri sem geri ferðalög auðveldari, bæði fyrir heima- og aðkomufólk, til dæmis með samstilltum tímaáætlunum og miðasölu fyrir stað/svæðisbundnar samgöngur?

Hafa verið framkvæmdar, eða hefur verið rætt að framkvæma, samanburðarrannsóknir á reynslu af misháum framlögum atvinnurekenda eða misháum virðisaukaskatti eftir landsvæðum til að skapa störf og styðja við atvinnulíf og búsetu í strjálbýli?

Að lokum skal það ítrekað að norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin gerir sér fyllilega grein fyrir því að í samstarfsáætluninni er ekki farið í smáatriði, heldur er hún almennt stefnu- og forgangsröðunartæki og að áherslur hennar eru síðan útfærðar nánar í hinum ýmsu verkefnum og aðgerðum. Fyrirnefndar spurningar og tillögur eru fyrst og fremst settar fram sem hugmyndir sem eiga að styðja við vinnu ráðherranefndarinnar.

Kaupmannahöfn, 1. nóvember 2016

Arto Pirttilahti (cent)

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Gunvor Eldegard (A)

Heidi Nordby Lunde (H)

Henrik Brodersen (DF)

Håkan Svenneling (V)

Juho Eerola (saf)

Katri Kulmuni (cent)

Laila Marie Reiertsen (FrP)

Lars Tysklind (L)

Mikael Staffas (Lib)

Pyry Niemi (S), formaður

Ruth Mari Grung (A)

Saara-Sofia Sirén (saml)

Torgeir Knag Fylkesnes (SV), varaformaður

Ville Skinnari (sd)

Norðurlandaráð

B 308/tillväxt

Afgreiðsla

Norræna hagvaxtar- og

þróunarnefndin

Málsnúmer 16-00223-4